

Nd. 584. Frumvarp til laga [191. mál]

um breyting á lögum nr. 66 31. marz 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Í stað „2½%“ í 6. gr. laganna komi: 4%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ræktunarsjóður Íslands og Byggingarsjóður hafa á undanförunum árum orðið að afla fjár til útlána sinna með lántökum innanlands og utan.

Vextir af lánunum þeim, sem aflað er í þessum tilgangi, nema frá 4½% upp í 6½% og má jafnvel búast við ennþá hærri vöxtum í framtíðinni. Útlánsvextir þessara sjóða hafa hins vegar verið 2% í Byggingarsjóði og 2½% í Ræktunarsjóði. Verður því tilfinnanlegt vaxtatap við útlánin, og því tilfinnanlegra sem útlánin verða meiri.

Ræktunarsjóður greiðir nú í vexti af skuldum sínum ca. kr. 2 100 000.00. Vaxtatekjur hans eru ca. kr. 1 850 000.00. Er því nú þegar um 250 000.00 kr. halli á vaxtareikningi hans. Tap hans á útlánum með 2½% vöxtum, ef fengið er 6½% lán, er kr. 40 000.00 af hverri milljón.

Eins og sakir stóðu um síðustu áramót greiðir Byggingarsjóður í vexti af skuldum sínum ca. kr. 847 000.00 á ári, en vaxtatekjur hans eru ca. kr. 960 000.00. Ekki er hægt að vænta vaxtalægri lána til sjóðsins en 6½%, og verður því vaxtatap sjóðsins á hverri milljón, er hann fengi að láni og lánaði aftur með 2%, kr. 45 000.00. Greiðslujöfnuður verður þó mun óhagstæðari, þar sem flest lána hans eru til 42 ára, en lán, sem hann fengi, til 20 ára í hæsta lagi.

Þetta vaxtatap verður að vinna upp, ef sjóðirnir eiga ekki að verða óstarfhæfir að fáum árum liðnum.

Síðan lögin um Ræktunarsjóð og Byggingarsjóð voru sett hafa vextir hækkað gífurlega, bæði innláns- og útlánsvextir. Það er því ekki óeðlilegt þótt útlánsvextir þessara sjóða hækki nokkuð til samræmis. Hér er gert ráð fyrir vaxtahækkun um 1½% upp í 4% í Ræktunarsjóði. Verður þó að telja, að vaxtagreiðslum sé í hóf stillt miðað við þau vaxtakjör, sem algeng eru nú orðið.

Með þessu frumvarpi er þó engan veginn tapið unnið upp til fulls heldur aðeins dregið úr því.